

**2021 nr. 77 25. júní****Lög um þjóðkirkjuna**

Tóku gildi 1. júlí 2021. Um lagaskil sjá 12. gr.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr. Skilgreining.**

□ Þjóðkirkjan á Íslandi er evangelískt lúterskt trúfélæg.

■ **2. gr. Réttarstaða.**

□ Um stöðu þjóðkirkjunnar fer samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 62. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944.

□ Um tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisins fer samkvæmt þeim lögum og samningum sem eru í gildi hverju sinni er varða samskipti þjóðkirkjunnar og ríkisins, sbr. og 1. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 3. gr.

□ Þjóðkirkjan ræður starfi sínu og skipulagi innan lög-mæltra marka.

■ **3. gr. Þjónusta.**

□ Þjóðkirkjunnar ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Prestar og djáknar gegna vígðri þjónustu í þjóðkirkjunni.

□ Þjóðkirkjan heldur úti ýmiss konar fræðslu og kærleiksþjónustu, eftir því sem við verður komið.

□ Stjórnvöld geta leitað til þjóðkirkjunnar í störfum sínum telji þau þess þörf.

■ **4. gr. Jafnræði og lýðræði.**

□ Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum hafa í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

■ **5. gr. Innganga og úrsögn úr þjóðkirkjunni.**

□ Um inngöngu í þjóðkirkjuna og úrsögn úr henni fer skv. 8. og 9. gr. laga um skráð trúfélög og líffskoðunarfélag, nr. 108/1999, eftir því sem við getur átt.

■ **6. gr. Söfnuðir og sóknir.**

□ Söfnuður er félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar.

□ Söfnuður á tilteknu landsvæði myndar sókn. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

□ Sóknarbörn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn og eru skráðir í þjóðkirkjuna.

□ Þjóðskrá Íslands skal árlega, miðað við 1. desember, standa þjóðkirkjunni skil á skrá yfir nöfn, kennitölur og fjölda sóknarbarna sem lögheimili eiga í hverri sókn fyrir sig. Um greiðslur fyrir skrána fer eftir gjaldskrá skráarhaldara. Sama gildir um greiðslur óski þjóðkirkjan tíðari upplýsinga og fyllri um sóknarbörn sín.

■ **7. gr. Kirkjuþing.**

□ Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað. Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu hennar.

□ Kosið skal til kirkjuþings leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn. Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir. Kirkjuþing kys þingforseta úr röðum leikmanna þingsins og tvo varaforseta með sama hætti. Saman mynda þeir forsætisnefnd kirkjuþings. Forseti kirkjuþings boðar til þingsins.

□ Við afgreiðslu mála á kirkjuþingi er varða fjárstjórnarvald skulu þeir þingfulltrúar sem hagsmuna hafa að gæta í tilteknu máli víkja sæti. Um sérstakt hæfi þingfulltrúa fer eftir

starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 8. gr. Má í þeim reglum kveða svo á um að þingið sé ályktunarhæft, óháð fjölda fulltrúa, við afgreiðslu þeirra. Rísi ágreiningur um túlkun þessarar málsgreinar sker forseti þingsins úr.

■ **8. gr. Verkefni kirkjuþings.**

□ Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal um skipulag kirkjuþings, svo sem kjör til þess, kjördæmaskipan, fjölda kirkjuþingsmanna, þingsköp og verkefni þingsins. Enn fremur samþykkir kirkjuþing ályktanir og samþykktir um málefni þjóðkirkjunnar.

□ Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnum vef kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra.

■ **9. gr. Frumvörp um kirkjuleg málefni.**

□ Kirkjuþing hefur að jafnaði frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni þjóðkirkjunnar og leggur til við ráðherra kirkjumála að þau verði flutt á Alþingi.

□ Ráðherra leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni sem hann hyggst flytja á Alþingi.

■ **10. gr. Biskupsdæmi.**

□ Ísland er eitt biskupsdæmi. Um biskupskjör fer samkvæmt starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 8. gr.

□ Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um.

□ Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu.

■ **11. gr. Samningar milli þjóðkirkjunnar og ríkisins.**

□ Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlega gagngreiðslu á grundvelli samninga milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar.

□ Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, eru eign þjóðkirkjunnar með öllum réttindum, skyldum og kvöðum samkvæmt samningi um prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.

■ **12. gr. Gildistaka og lagaskil.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2021. . . .

□ Um mál sem við gildistöku laga þessara eru til meðferðar hjá úrskurðar- og áfrýjunarnefnd sem starfar á grundvelli 12. og 13. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, og mál til meðferðar hjá ráðuneytinu á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga fer samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

■ **13. gr. Brottfall laga og réttarreglna. . . .**

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, við gildistöku 2. mgr. 19. gr. laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar), nr. 153/2019, heldur þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiðir út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fer um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.

□ Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.